

Samantekt umsagna við vinnslutillögu að breytingu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 – stækkun iðnaðarsvæðis I5.

Tafla 0-1 Samantekt umsagna og viðbrögð

Umsagnaraðili	Efnisatriði úr umsögn	Viðbrögð við umsögn
Skipulagsstofnun Umsögn dags. 16.2.2023	1) Bregðast þarf efnislega við umsögnum frá Umhverfisstofnun dags. 15. des. 2022 og Náttúrufræðistofnun dags. 7. des. 2022.	Sjá viðbrögð við umsögn UST og N.Í. fyrir neðan.
	2) gera þarf grein fyrir valkostum um staðsetningu lóðar, hvers vegna norðursvæðið var valið.	Kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingar í köflum 4.1. <i>Stækkun iðnaðarsvæðis I5</i> og 5.3 <i>Valkostir</i> .
	3) Setja þarf ákvæði um yfirbragð og hæð mannvirkja, frágang lóðar, fráveitu og hreinsun frárennslis o.fl. Einnig ætti að setja inn ákvæði um sjóvarnargarð, ef gera á ráð fyrir honum. Ástæða getur verið til að setja skilyrði um áfangaskiptingu. Þessu er vísað í deiliskipulags en þarf að koma fram í aðalskipulagi.	Í gildandi aðalskipulagi eru ákvæði um svæði I5 og I6 sem snúa m.a. að yfirbragði og frágangi svæða. Ákvæðin voru ekki sett fram í vinnslutillögunni. Í greinargerð breytingartillögu eru ákvæðin nú birt í heild sinni og jafnframt er bætt inn íeftirfarandi ákvæðum til viðbótar til að mæta athugasemd: <ul style="list-style-type: none"> • Í umfjöllun um náttúruvá er bætt inn tilvísun í viðkomandi kafla í gildandi aðalskipulagi um sjávarstöðu og sjávarflóð. Einnig sett inn heimild fyrir sjóvarnargarði. • Ákvæði um fráveitu frá iðnaðarsvæðinu og hreinsun lífrænna efna. • Í ákvæði um ásýnd svæða og útlit bygginga er bætt inn ákvæði um að gera skuli grein fyrir áfangaskiptingu uppbyggingar á stórum lóðum í deiliskipulagi. Í tillögu deiliskipulags er gerð nánari grein fyrir sjóvörnum, fráveitu og hreinsun frárennslis og áfangaskiptingu uppbyggingar á lóð Eldisgarðs.

	4) Umhverfismat - ástæða er til að skoða samlegðaráhrif þeirra áforma sem eru í undirbúningi á iðnaðarsvæðinu, svo sem varðandi vatnstöku og áhrif á grunnvatn.	Í umhverfiskýrslu aðalskipulagsbreytingar er fjallað um áhrif á grunnvatn og byggt á umhverfismati Eldisgarðs og grunnvatnslíkani ÍSOR. Helstu áhrif eru á seltustig og þau eru mest innan vinnslusvæðis fiskeldisins en mun einnig ná yfir sjótökusvæði Reykjanesvirkjunar. Engin markverð áhrif eru talin á vatnstöku Stolt Sea Farm sem er sunnar við ströndina. Áhrifin eru óveruleg á grunnvatn og samkvæmt ofangreindu ekki mikil samlegðaráhrif.
	5) Málsmeðferð – lagfæra upplýsingar og flæðirit	Kafli 7 Kynning og samráð hefur verið uppfærður.
Umhverfisstofnun Umsögn dags. 15. Desember 2022	1) Á svæðinu er hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv 61. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt ákvæðinu ber að forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvaða brýna nauðsyn sé fyrir röskun á hrauninu og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskunina en mikilvægt er að það komi fram í tillögunni.	Í kafla 4.1 í breytingartillögu er bætt inn umfjöllun um staðarval fiskeldisins og hvers vegna þörf er á stækkun iðnaðarsvæðisins á þessum stað.
	2) Svæðið er á náttúruminjaskrá og einnig er fjaran og grunnsævið vestan við framkvæmdasvæðið Öngulbrjótsnef meðal svæða sem tillaga er um að verði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. UST telur mikilvægt að komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á ofangreint svæði svo verdnargildi þess rýrni ekki og telur að fjalla ætti um áhrif framkvæmdarinnar á svæði á náttúruminjaskrá í breytingartillögunni.	Í umhverfismati breytingartillögu er gerð grein fyrir áhrifum breytingar á verndarsvæði (6.4.1). Fjallað er um áhrif breytingar á sjó og strandlengju (6.1.4.) þar sem tilnefnt verndarsvæði Öngulbrjótsnef.

	3) Úrgangsmál. UST bendir á að mikilvægt er að fjalla um magn úrgangs og meðhöndlun hans í tillögu. Stofnunin bendir á nýja stefnu stjórnvalda um hringrásarhagkerfi og heildarstefnu um úrgangsmál.	Í breytingartillögu kafla 4.1.2 hefur verið bætt inn í kafla með ákvæðum fyrir iðnaðarsvæðin I5 og I6 nýjum ákvæðum sem snúa að meðhöndlun úrgangs, hreinsun lífrænna efna úr frárennsli og áherlsu á endurnýting, sbr. stefnu stjórnvalda.
	4) Skýra hvaða átt er við með nýtingu affallsstrauma til fiskeldis - hvort um sé að ræða jarðhitavatns eða jarðsjó sem nýttur hefur verið til kælingar í starfsemi virkjunar.	Í breytingartillögu er orðalagi ekki breytt frá gildandi aðalskipulagi hvað varðar I5 og nýtingu auðlindastrauma á svæðinu. Ekki er talin þörf á svo ítarlegri umfjöllun á aðalskipulagsstigi. Ítarlegri grein er gerð fyrir þessum þáttum í deiliskipulagi og umhverfismat fiskeldisframkvæmdar.
	5) fjalla þarf um hvernig fráveitumálum verði háttað og ástand viðtakans/vatnshlotsins. gera grein fyrir magni, meðhöndlun og endurvinnslu úrgangs frá síum hreinsikerfis.	Sett er inn ákvæði um fráveitu og hreinsun frárennslis í aðalskipulagsbreytingu. Í deiliskipulagi er svo ítarlegri skilmálar um fyrirkomulag fráveitumála.
	6) Fjalla þarf nánar um áhrif á grunnvatn, hvort áætlun hafi áhrif á grunnvatnsstöðu og mögulega áhrif á grunnvatnstöku annarrar starfsemi á svæðinu. Sveitarfélagið þarf að tryggja sjálfbærni vatnshlotsins til framtíðar og afla ákveðinna grunnupplýsinga áður en frekari vatnstaka er leyfð.	Í umhverfiskýrslu aðalskipulagsbreytingar er fjallað um grunnvatnstöku og áhrif á aðliggjandi starfsemi Reykjanesvirkjun og Stolt Sea Farm, og eru þau talin óveruleg, byggt á niðurstöðum umhverfismats Eldisgarðs. Áhrif á vatnshlot koma fram í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar, í kafla 6.1.4 Sjór og strandlengja. Áhrif á viðtaka eru talin óveruleg neikvæð og ekki talin breyta einkennum viðtaka/vatnshlotsins.
	7) Í breytingu þarf að koma fram að á svæðinu sé heimilt að vera með fiskeldi.	Það kemur fram í gildandi stefnu aðalskipulagsins um iðnaðarsvæðið I5 þar sem talin er upp ýmis heimil starfsemi á svæðinu.
Náttúrufræðistofnun Íslands Umsögn dags. 7. Desember	Svæðið er á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Það er	Bent er á að við gerð umhverfismat Eldisgarðs var Náttúrufræðistofnun Íslands falið að gera úttekt á jarðmyndunum innan framkvæmdasvæðisins

<p>2022</p>	<p>innan svæðis á náttúruminjaskrár. Jafnframt nær það að svæðinu Öngulbrjótsnef, sem er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Frá síðustu aldarmótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnar staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Vísað er í stefnu og markmið svæðisiskipulags um verndun jarðmynda á heimsmælikvarða. „Að mati N.Í. er mikilvægt að unnið sé eftir þessum markmiðum og æskilegt væri að leggja mat á hversu mikla iðnaðaruppbyggingu svæðið í heild þolir áður en farið er af stað með varanlegt rask á merkum jarðminjum sem jafnframt rýrir verndargildi svæðisins.“</p>	<p>– sem jafnframt er svæði stækkunar iðnaðarsvæðis I5 í aðalskipulagsbreytingunni. Brugðist var við niðurstöðum úttektar með því að breyta legu aðkomuvegar að lóð til að hlífa gjallgíg.</p> <p>Við stækkun iðnaðarsvæðisins í aðalskipulagi var þess gætt að halda gígaröðinni í Stampahrauni utan marka iðnaðarsvæðis.</p> <p>Gerð er grein fyrir áhrifum breytingar á jarðmyndanir í umhverfismati tillögu kafla 6.1.1 Jarðmyndanir.</p>
<p>Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja Umsögn dags. 8. Desember 2022</p>	<p>HES telur nægilega gerð grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við vinnslutillöguna.</p>	<p>Umsögn kallar ekki á viðbrögð.</p>
<p>Landsnet Umsögn dags. 9. Desember 2022</p>	<p>Engin breyting er gerð á ákvæðum um helgunarsvæði raflína sem tilgreind eru í köflum 3.3.4 og 3.3.6. í gildandi aðalskipulagi. Landsnet telur ekki líklegt að stækkun iðnaðarsvæðis I5 hafi áhrif á ofangreinda háspennulínu [Rauðamelslínu 1] eða mögulegar styrkingar flutningskerfisins á svæðinu.</p>	<p>Umsögn kallar ekki á viðbrögð.</p>

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar Umsögn dags. 7. Desember 2022	Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.	Umsögn kallar ekki á viðbrögð.